

LANGSTÆRSTI DRAUMURINN



Uppflosnað fólk
eftir Benóný Ægisson

Sýning Lýðveldisleikhússins í Sundhöll Reykjavíkur
á Menningarnótt 18. ágúst 2007

PERSÓNUR:

BIBBI – atvinnulaus þungarokkari

HEKLA – systir hans

KATLA – móðir þeirra

VIBBI – atvinnulaus þungarokkari

Bibbi reynir að kenna Vibba að vera með attitjúd

BIBBI

Grjóthaltu kjafti Vibbi. Já bara grjóthaltu kjafti. Ég meina, svona skítseyði eins og þú eiga ekki að vera að þenja sig

VIBBI

En..

BIBBI

Já ekki eitt En upp úr þér hálfvitinn þinn. Hver heldurðu að vilji hlusta á eitthvað svona En-kjaftæði? Ha? Ég meina, hvað hafa svona hálfvitar eins og þú til málanna að leggja sem meikar einhvern diff?

VIBBI

En Bibbi..

BIBBI

Já ekkert andskotans En Bibbi við mig. Reyndu bara að drullast til að steinhalda kjafti hálfvitinn þinn.

VIBBI

En..

BIBBI

En.. en.. en.. en. Farðu nú ekki að grenja auminginn þinn. Ætlarðu ekki að meika að koma einhverju út úr þér öðru en þessu andskotans En-i?

VIBBI

En ég var ekkert að segja.

BIBBI

Grjóthaltu þá kjafti.

VIBBI

En ég..

BIBBI

Ég veit á´ feita. Hvaða djöfuls máli skiptir það hvort þú varst að segja eitthvað?

VIBBI

Nú skil ég ekki Bibbi.

BIBBI

Hei! Bank bank bank! Er einhver heima? Málið er ekki hvað maður segir heldur attitjúdið.

VIBBI

Já en..

BIBBI

Hei, vakna Dísu vakna nú. Hverskonar þungarokkari ert þú eiginlega? Þú verður að hafa attitjúd.

VIBBI

Ókei Bibbi. Ég skal reyna.

BIBBI

Grjóthaltu helvítis kjafti helvítis hálfvitinn þinn..

VIBBI

Éttann sjálfur.

BIBBI

Éttann sjálfur? Er það allt og sumt? Éttann sjálfur?! Ókei. Háflamað en kannski smá vísir að attitjúdi.

Mæðgur ræða um burðarþolsfræði, bræður, feður og drauma

KATLA

Hvað ertu að lesa góða mín?

HEKLA

Burðarþolsfræði. Ég á að fara í próf á mánudaginn.

KATLA

Það er nú gott góða mín.

HEKLA

Gott?

KATLA

Já, er það ekki gott?

HEKLA

Það veit ég ekki. Kannski ef maður fengi einhvern frið til að lesa.

KATLA

Hann bróðir þinn verður að æfa sig.

Æfa sig?!

HEKLA

Já, hann verður að æfa sig.

KATLA

Hann er hálfviti.

HEKLA

Svona nú! Ekkert hefst af engu. Hann þarf að æfa sig.

KATLA

Hann þarf bara að vera ekki svona mikill hálfviti.

HEKLA

Þögn
Mamma. Segðu mér af pabba.

Ég er búin að segja þér allt.

KATLA

Segðu mér það samt.

HEKLA

Jæja þá.

KATLA

Þögn
Þegar við bjuggum í Afdalnum varð einusinni sem oftast matarlaust í kotinu. En hann pabbi þinn dó ekki ráðalaus fremur en fyrri daginn heldur braust til byggða í bandvitlausu veðri til að sækja úldinn fisk. Líður nú og bíður en ekkert bólar á föður þínum enda var veðrið með slíkum ósköpum að hundar sem ég sígaði út fuku út í veður og vind og sáust aldrei upp frá því.

Þá heyrðir þú guðað á gluggann.

HEKLA

Í því heyrir ég að guðað er á gluggann. “Hér sé guð” var sagt djúpri og karlmannlegri röddu fyrir utan og þegar ég opnaði fékk ég ískaldan koss því hann var kalinn frá hvirfli til ilja.

KATLA

Þá hljópst þú til og startaðir hrútnum.

HEKLA

Þá hljóp ég til og startaði hrútnum því eina leiðin til að ná af honum klakabrynjunni..

KATLA

..var að gefa honum vægan rafstraum.

BÁÐAR

KATLA

Hann varð aldrei samur upp frá því. Það var eins og hann hefði fengið köllun. Hann stíflaði bæjarlækinn og fyllti dalinn af vatni og fljótlega fór hann að stífla jökulfljót og breyta miðhálandinu í fljótandi form.

HEKLA

Hvenær kemur hann aftur mamma?

KATLA

Þegar draumar hans hafa ræst barnið mitt. Þegar draumarnir rætast.

Systkinaerjur, tónlistin og meikið

BIBBI

Mamma! Mamma!! Mamma!!!

KATLA

Hvað var það góði minn?

BIBBI

Ertu orðin heyrnarlaus kerling?

KATLA

Hvað viltu góði?

BIBBI

Mér vantar sígó.

KATLA

Ég skal hlaupa eftir þeim.

BIBBI

Það eiga að vera til rettur. Ég var búinn að segja þér það.

KATLA

Nú hleyp ég.

BIBBI

Já hlauptu þá.

KATLA

Ég er á hlaupum
Fer

HEKLA

Geturðu ekki drullast til að ná í sígarettur sjálfur?

BIBBI

Haltu kjafti.

Drullaðu uppí þig. HEKLA

Éttu úldinn hund. BIBBI

Hálfviti. HEKLA

Af hverju þurfið þið alltaf að vera að rífast? VIBBI

Grjóthaltu kjafti Vibbi. BIBBI

Já, vertu ekki að skipta þér að því sem þér kemur ekki við. HEKLA

Sorrí. VIBBI

Vertu ekki að afsaka þig. Mundu: Attitjúd! BIBBI

Djísús kræst! Þvílíkir hálfvitar HEKLA
Fer

Hei Bibbi. VIBBI

Hvað Vibbi? BIBBI

Djöfull er hún sæt þegar hún reiðist hún systir þín. VIBBI

Gleymdu henni Vibbi. BIBBI

Það er einmitt málið Bibbi. Ég get ekki gleymt henni. VIBBI

Hei. Hún er í verkfræði, þú ert þungarokkari. Finnst þér það vera að virka? BIBBI

Nei ætli það nokkuð. VIBBI

BIBBI

Þegar við erum búnir að meikaða Vibbi, þá þarftu ekki að vera að þæla í þessu. Grúppíurnar bara bíða fyrir utan staðina eftir því að við komum út og þú þarft bara að ákveða hvernig þú vilt hafa þær. Ljóshærðar, dökkhærðar, rauðhærðar eða bara sköllóttar. Ha? Eða tannlausar með hring í nefinu. Ha?! Og hvað viltu margar? Maður bara skýtur á sig einni nös og svo ríður maður þangað til hann dettur af manni. Og var það eitthvað fleira fyrir þig væni?

VIBBI

Það væri frábært Bibbi.

BIBBI

Þú verður að hafa trú á þessu Vibbi. Þú verður að trúa á tónlistina okkar.

VIBBI

Já. Ég geri það alveg Bibbi.

Þögn

Hvernig er tónlistin okkar?

BIBBI

Vibbi, hún er alveg stórkostleg. Hún er eitthvað sem hefur aldrei heyrst áður en er þó svo kunnugleg að fólk stillir úrin sín eftir henni. Hún er einföld og frumstæð en til að koma henni til skila þarf að beisla hugvit mannsins og nota flóknustu tækni hans. Hún er hjartsláttur og elding, hún er draumur og martröð, hún er tittlingur og píka. Hún er lífið sjálft.

Sitthvað um álver

HEKLA *syngur*

Álver deyfa efnahagssveiflur
 álver eru hagstærð góð
 álver eru eins og kvóti
 álver greiða aðstöðugjöld
 álver leysa allan vanda
 álver halda landi í byggð
 álver nota orku græna
 álver eru umhverfisvæn

KATLA

Ég er orðin hundleið á þessu álverskjaftæði.

HEKLA

Stígðu varlega til jarðar móðir góð. Orð þín jaðra við landráð.

KATLA

Álver kálver skíta-náver.

HEKLA

Það má ekkert segja svona. Hvað á fólk að gera ef ekki eru byggð álver? Ekki geta allir verið fyrir sunnan að klippa hvern annan eins og pabbi sagði alltaf.

KATLA

Ekki er sopið álið þó í ausuna sé komið.

HEKLA

Eigum við ekki bara öll að fara að framleiða fjallagrasaseyði?

KATLA

Það er nú hægt að gera fleira úr fjallagrösnum en seyði. Það er hægt að gera graut og te og setja þau í mjólk eða í kjötsúpuna. Það er hægt að lita föt með þeim og svo er þau góð við innantökum, sleni og náttúruleysi.

HEKLA

Fjandans náttúrukjaftæði. Ég þoli það ekki. Hvaða gagn höfum við Íslendingar haft af náttúrunni? Ekki rassgats gagn. Menn bara drukknuðu í henni. Eða urðu úti í henni. Eða sultu í hel í henni. Náttúran er bara tóm leiðindi. Hungur, snjóflóð og móðuharðindi. Íslensk náttúra var ekki einusinni til fyrr en útlendingar fundu hana upp. Erum við eitthvað skyldug til að hafa náttúru til að þóknast útlendingum?

KATLA

Það veit ég ekkert um. En hitt veit ég að steinkarlinn gekk burt þegar pabbi ykkar stíflaði dalinn.

HEKLA

Þú og þinn steinkarl.

KATLA

Já, hann vissi sínu viti.

HEKLA

Hvar er pabbi eiginlega? Af hverju kemur hann ekki heim?

KATLA

Þeir geta ekki án hans verið.

HEKLA

Af hverju ekki?

KATLA

Það hafa verið.. hafa verið.. jarðhræringar.

HEKLA

Jarðhræringar?

KATLA

Já. Jörðin er hrærð. Eða hræ.. hræra.. eða eitthvað. Pabbi ykkar þarf að styðja stífluna.

HEKLA

Ertu fáviti eða hvað?

KATLA

Stuðningsmönnum fer fækkandi, þessvegna er hann svo mikilvægur. Hann verður að styðja stífluna þangað til þú ert búin með burðarþolsfræðina. Þá geturðu farið og bjargað þessu fyrir hann.

HEKLA

Hvaða bull er þetta? Hann getur ekki stutt stífluna.

KATLA

Hvað veit ég um það? Ég er bara fávís kona og hef ekkert vit á verkfræði. Farðu nú að lesa svo þú náir prófinu.

HEKLA

Þú leynir mig einhverju.

KATLA

Það veit ég ekkert um. Ég veit ekki neitt nema það að ég er ekki söm síðan karlinn fór.

HEKLA

Pabbi?

KATLA

Nei. Steinkarlinn auðvitað.

Um að meika það eða feika það

BIBBI

Eru ekki allir í stuði? Ókei. 1, 2 – 1,2,3,4.

VIBBI

Er ég á bassanum núna?

BIBBI

Nei ég er á bassanum. Vert þú á gítar og syngdu.

VIBBI

Nei Bibbi, ég get það ekki, þú ert miklu betri í því.

BIBBI

Prófum þetta bara. 1, 2 – 1,2,3,4.

VIBBI *syngur*

Þegar að ég sé hana
það vekur hjá mér fögnuð
ég verð alveg magnvana
því hún er rafurmögnuð

Háspenna lífshætta
hún er allt of nærri
Eiki Hauks er rosastór
en ég ætlað verða stærri

BIBBI

Stopp stopp stopp. Hvað er þetta eiginlega?

VIBBI

Hvað Bibbi?

BIBBI

Þetta!

VIBBI

Þetta hvað?

BIBBI

Þetta sem þú ert að syngja.

VIBBI

Þetta er bara texti sem ég var að búa til. Finnst þér hann asnalegur?

BIBBI

Það er ekki spurning um hvort hann er asnalegur eða ekki. Það er spurning um hvort hann er glataður eða ekki. Og hann er glataður.

VIBBI

Okei Bibbi.

BIBBI

Nei, það er ekkert ókei.

VIBBI

Ókei, þá er það ekkert okei.

BIBBI

Nei, það er ekki ókei.

Þögn

Veistu af hverju hann er glataður?

VIBBI

Nei. Er það út af Eika Hauks?

BIBBI

Kommon. Þældu aðeins í því.

VIBBI

Er þetta illa ort?

BIBBI

Ort? Ort?! Þykist þú vera einhver E. Ben eða hvað?

VIBBI

Var þetta illa gerður texti?

BIBBI

Þessi texti meikar engan sens.

VIBBI

Af hverju ekki? Heldurðu að ég meinti þetta ekki?

BIBBI

Það er ekki málið. Sko málið er málið.

VIBBI

Málið?

BIBBI

Já, hvernig er þetta eiginlega með þig Vibbi? Hefur þú ekki heyrt minnst á útrásina? Það þýðir ekki að vera að gera einhvern texta á einhverju skrælingjamáli sem enginn skilur.

VIBBI

Já! Það mál!

BIBBI

Ef við ætlum að meika það þá verðum við að syngja á ensku.

VIBBI

En gætum við ekki reynt að meika það fyrst á Íslandi?

BIBBI

Þvílíkur þorpshálfviti! Til hvers að vera að reyna að meika það á einhverjum smámarkaði í dvergriki? Það tekur því ekki.

VIBBI

Þú verður að semja textana ef þeir eiga að vera á ensku.

BIBBI

Ókei. Ég redda því. 1, 2 – 1,2,3,4.

Syngur

I'm insane

My Icelandic brain

Is acting like a clown

My inner light

Is shining so bright

I have no power breakdown

I'm gonna make it
 I'm gonna to have a hit
 And don't say that I won't
 Cause if you got it
 You must flaunt it
 But fake it if you don't

VIBBI

Djöfull er þetta ógeðslega flott maður. Þú veist hvernig á að fara að þessu.

Þögn

Bibbi. Hvenær fáum við hljóðfæri?

BIBBI

Þegar við reddum einhverjum pening auðvitað.

VIBBI

Getum við ekki fengið vinnu í álverinu og safnað fyrir hljóðfærum?

BIBBI

Veistu eitthvað um hvað þú ert að tala? Bank bank bank. Er einhver heima hérna? Veistu hvað það er erfitt að fá vinnu í undirstöðuatvinnuvegunum ef maður sé ekki Pólverji?

VIBBI

Ég kann hvort sem er ekkert að spila á hljóðfæri.

BIBBI *kallar*

Mamma! Mamma! Hvar eru þessar andskotans sígarettur?

KATLA

Ég skal ná í þær.

HEKLA

Láttu hann ná í þær sjálfan.

BIBBI

Hvað ert þú að skipta þér að þessu?

HEKLA

Þú ferð ekki að reykja hérna inni.

BIBBI *hermir eftir*

“Þú ferð ekki að reykja hérna inni.”

HEKLA

Þetta eru mínir peningar sem þú ert að eyða í þetta eitru þitt.

BIBBI

Þínir? Þetta eru mömmu peningar.

HEKLA

Heldurðu að hún hafi fengið einhvern rosa starfslokasamning hjá Orkubúinu?

BIBBI

Ertu hætt að skúra? Ertu búin að láta reka þig? Hverslags ábyrgðarleysi er þetta? Á hverju eigum við nú að lifa?

HEKLA

Hvernig væri að fá sér vinnu?

KATLA

Hann getur það ekki. Hann þarf að æfa sig. Fyrir Meikið mikla.

HEKLA

Hann er hálfviti. Og þessar sígarettur eru keyptar fyrir styrkinn minn. Og þú reykir ekki hérna inni.

BIBBI

Ég reyki þar sem mér sýnist.

HEKLA

Leyfðu mér þá að borga oní þig almennilegt eitur. Eitthvað sem virkar hraðar. Blásýru eða eitthvað.

KATLA

Komdu Bibbi minn. Ég skal koma með þér út að reykja.

HEKLA

En þú reykir ekki.

KATLA

Hvað gerir maður ekki fyrir börnin sín?

HEKLA

Mamma! Segðu mér einusinni satt. Hvar er pabbi?

KATLA

Það kom örlítið sprunga. Í hræringnum. Örlítið gat. Voðalega ómerkilegt lítið gat en gat þó vegið þungt að undirstöðum stíflunnar. Svo faðir þinn varð að bjarga málunum og stinga fingrinum í gatið. Hann var sérfræðingur í að pota fingrinum í óviðkomandi göt get ég sagt þér. Og nú stendur hann þarna til eilífðarnóns. Með fingurinn í gatinu.

HEKLA

Það er örugglega þér að kenna.

KATLA

Mátulegt á hann.

HEKLA

Og hvenær kemur hann aftur til okkar?

KATLA

Hvernig á að endurheimta drukknaða dali og sokkin fjöll?

HEKLA

Hver vill það? Hvaða máli skipta einhver fjöll úti á landi sem enginn heimsækir nema atvinnulausir umhverfishryðjuverkamenn í tilvistarkreppu. Einhverjir evrópskir hárgreiðslunemar með samviskubit yfir því að stéttin eyddi ósonlaginu. Eitthvert lið sem ætlar að kaupa sér aflausn með því að fúlsa við hvalkjöti. Var einhver að bjóða þeim hvalkjöt eða hvað?

KATLA

Mér fannst hvalkjöt aldrei gott.

VIBBI

Mér finnst það ágætt í brúnni sósu með sultu og kartöflustöppu. Eins og mamma gerði það.

KATLA

Engin furða að steinkarlinn skyldi labba burt eins og allt er orðið.

VIBBI

Hann labbaði ekkert burt. Það vorum við..

BIBBI

Grjóthaltu kjafti Vibbi.

VIBBI

Grjóthaltu kjafti sjálfur Bibbi.

BIBBI

Nei, ég meina grjóthaltu bara kjafti.

VIBBI

Haltu kjafti sjálfur.

BIBBI

Þetta er ekki attitjúd hjá mér Bibbi.

HEKLA

Segðu henni það Vibbi. Segðu henni hvað varð um steinkarlinn.

BIBBI

Grjóthaltu kjafti Vibbi.

VIBBI

Grjóthaltu kjafti sjálfur Bibbi.

HEKLA

Segðu henni það. Fyrir mig.

VIBBI
 Það vorum við Bibbi..

BIBBI
 Haltu kjafti!

VIBBI
 ..sem veltum honum í ána.

BIBBI
 Hálfvitinn þinn!

VIBBI
 Við fórum bara með járnkarla og stjökudum aðeins við honum svo hann rúllaði bara niður í hylinn.

KATLA
 Er þetta satt Birkir?

BIBBI
 Þú sagðist aldrei ætla að flytja suður á meðan hann væri uppistandandi.

KATLA
 Hvernig gastu gert mér þetta?

BIBBI
 Mig langaði svo suður. Svo var Hekla systir alltaf að suða í mér.

KATLA
 Já var það ekki? Þetta hefur þá allt verið þér að kenna.

BIBBI
 Mig langaði ekkert rosalega mikið að gera það.

HEKLA
 Nei. En mig langaði til þess. Já, ég lét skella undan steinkarlinum þínum mamma. Mér fannst alltaf eitthvað sjúkt við þetta samband og það var svik við pabba.

KATLA
 En pabbi þinn var..

HEKLA
 Ég lét þá drekkja þessari hjátrú þinni, þessum hindurvitnum. Því ég trúí á framfarirnar eins og pabbi. Og ekkert má stöðva framfarirnar. Ekkert.

Syngur
 Álver deyfa efnahagssveiflur
 álver eru hagstærð góð
 álver eru eins og kvóti
 álver greiða aðstöðugjöld

HEKLA, BIBBI og VIBBI *syngja*

Álver leysa allan vanda
álver halda landi í byggð
álver nota orku græna
álver eru umhverfisvæn